

Ed.

717. Frumvarp til laga

[202. mál]

um Laxárvirkjun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 611 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar. Eign ríkisins er 35 hundraðshlutar og Akureyrarkaupstaðar 65 hundraðshlutar. Þegar hafin verður næsta aukning vatnsaflsstöðvanna, á ríkið rétt á að gerast eigandi að 50 hundraðshlutum og kaupir þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkið inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarendi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi skal ef samkomulag næst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinna, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflostöð þar og aukningar þessara mannvirkja.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. hljóðar svo:

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þegar tímabært er, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja þessar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

6. gr. hljóðar svo:

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð fimm mönnum. Þar til ríkið er orðið eigandi að helmingi Laxárvirkjunar, skipar bæjarstjórn Akureyrar 3 menn, þar af einn sem formann stjórnarinnar, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkið er orðið eigandi að hálfu fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo menn, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki sinn endurskoðandann hvor til að endurskoða reikningana.